

6. fundur stjórnar Prentsöguseturs 13. nóvemberber 2018, kl. 16  
haldinn í Bókamiðstöðinni, Laugaveg.

*Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Baldvin Heimisson, Þórleifur Friðriksson, og  
Sófus Guðjónsson, Svanur Jóhannesson og Þóra Elfa Björnsson..*

*Þóra Elfa Björnsson skráði.*

1. *Húsnæðismálin.* Heimir sagði frá því að búíð væri að rýma svæðið kringum prentvélarnar í kjallaranum. Skipulag er í gangi, það þarf að snyrta og mála og ganga frá ýmsum atriðum og raða upp vélunum. Heimir sagði að gera þyrfti samning við húseigendur og að PSS taki að sér að greiða leiguna frá 16. nóv. Sófus spurði hvort búíð væri að gera áætlun vegna kostnaðar við að klára húsnæðið og spannst nokkur umræða um ýmis atriði í frágangi og spurning hver eigi að kosta það. Samþykkt að skrifa ekki undir samning fyrr en hann liggur fyrir og öll atriði séu klár.
2. *Fjármál.* Gjaldkeri upplýsti að í sjóði PSS eru kr. 1.800.000. Ennfremur að verið er að útbúa áætlun um að fá inn fleiri félaga úr Grafíu, einnig að hafa samband við ýmsa aðila sem tengjast prentgreinunum um stuðning við félagið með beinum fjárframlögum. Þóru Elfu falið að semja bréf sem Grafía hefur fallist á að dreifa til félagsmanna sinna.
3. *Lán á gripum.* Baldvin hafði skoðað setjaravél úr Víkingsprenti sem er í eigu Árbæjarsafns. Áhugi er fyrir að fá slíka vél að láni til viðbótar við þau tæki sem fyrir eru frá Bókamiðstöðinni. Þóru Elfu falið að skrifa bréf til Helga Sigurðssonar vegna þessa máls.
4. *Önnur mál.* Heimir sagði brýna þörf á að hittast vikulega á næstunni og taldi þriðjudaga henta öllum best. Samþykkt að hittast aftur að viku liðinni.

*Fleira ekki skráð.*